



Borgarráð

Re-Inventing Cities II - Staða verkefnis og tillaga um matsnefnd

Kynnt er staða verkefnisins "Re-inventing cities II" og óskað eftir að borgarráð feli umhverfis- og skipulagssviði að skipa matsnefnd sem gefur innsendum hugmyndum einkunn í samráði við fulltrúa C40.

Greinagerð

Á fundi borgarráðs þann 1. nóvember 2019 var samþykkt tillaga borgarstjóra þess efnis að Reykjavíkurborg myndi taka þátt í öðrum fasa í verkefninu Re-Inventing Cities á vegum C40 og legði fram tvær lóðir þar sem kallað verði eftir framúrskarandi uppbyggingarverkefnum, bæði frá sjónarmiði borgarþróunar og loftslags- og umhverfismála. Umræddar lóðir eru steypusílóin við Ártúnshöfða og Gufunes.

C40 eru samtök yfir 90 stórborga sem vinna saman í baráttunni gegn loftslagsbreytingum. Í þessum borgum búa yfir 650 milljónir manns og þær standa fyrir fjórðung alls fjármagns heims.

Um er að ræða tveggja þrepa samkeppni þar sem aðilar leggja í fyrsta fasa fram grófari hugmyndir að mögulegri útfærslu bygginga á reitnum ásamt upplýsingum um bakgrunn teymis. Reglur samkeppninnar eru að stóru leyti tilkomnar frá C40 en heimaborgir hafa innan þeirra ákveðinn sveigjanleika til þess að taka tillit til sérstakra aðstæðna á hverjum stað.

Annar fasi verkefnisins hófst nú í september þar sem fimm teyllum var boðið að vinna nánar tillögu að skipulagi og útliti bygginga á þessum reitum ásamt tillögu að kaupverði. Gert er ráð fyrir að sigurtillagan á hverjum reit fái í kjölfarið vilyrði fyrir úthlutun á viðkomandi lóð til þess að þróa umrætt verkefni. Skilafrestur fyrir annan fasa er fimmtándi mars.

Eftirfarandi teyllum var boðið áfram eftir fyrsta áfanga:

Gufunes

Hringhreyfing
Þorpið Vistfélag
EYJAKLASI

Sævarhöfði

Bryggjuhverfi Vestur- The circular District
Smart Food Campus

Teymið Hringhreyfing hefur dregið sig úr keppninni og er því von á fjórum tillögum þann 15. mars næstkomandi.

Reykjavíkurborg áskilur sér rétt til þess að hafna öllum tillögum ef framkomnar tillögur ná ekki þeim markmiðum sem lagt var upp með í upphafi verkefnis.

Óskað er eftir að umhverfis- og skipulagssviði verði falið að skipa matshóp sem gefi innsendum tillögum einkunn á grundvelli matslíkans C40. Á grundvelli matsblaðs verður stigahæstu teyrum á hverjum reit boðið til viðræðna um lóðarvilyrði á viðkomandi reit.

Niðurstaða matshóps verður kynnt fyrir borgarráði ásamt því sem að möguleg lóðarvilyrði verða einnig lögð fyrir borgarrád þegar að því kemur.

Virðingarfyllt

Þorsteinn Gunnarsson